

Nr. 112 / 10 Höfrungur III AK 25***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1902
Smíðaður: Kristinasund N. Noregi 1988
Stærð: 784,1 brl. 1521 bt.
Mesta lengd: 55,6 m Skráð lengd: 47,52 m
Breidd: 12,8 m Dýpt: 8 m
Vél: Wichmann 3000 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 27



Höfrungur III ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. ágúst 2010 var Höfrungur III AK 250 á siglingu vestur af Súgandafirði. Veður: Logn.

Veiðum var lokið og voru skipverjar við þrif á vinnsluþilfari. Einn þeirra steig upp á slógstokk og rann til með þeim afleiðingum að hann féll niður á þilfarið og fótbrotnaði á vinstri fæti. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og þyrta LHG flutti slasaða til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að slógstokkurinn var ryðfrítt rör um 40-50 sm hátt og um 12 tommur í þvermál. Skipverjinn var vanur að stíga á hann þegar hann fór yfir hann. Hann taldi sennilegast að hann hefði verið sérstaklega sleipur vegna sápunnar sem þeir voru að nota við þrifin;
- að hann hefði runnið og fallið á rörinu áður;
- að eftir atvikið var settur stigapallur yfir stokkinn til að menn þyrftu ekki að stíga á hann þegar þeir fóru yfir.

Nefndarálit:

Orsök slyssins voru ófullnægjandi vinnuáætlaðar.